

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1138	Nesbala 122	Ólöf Rún Stefánsdóttir Gæðastjóri			
Fiskeldi Austfjarða hf. Berufirði	170 Seltjarnarnes	Kjartan Lindbøl Framleiðslustjóri			
		Erlendur Gíslason Svæðisstjóri			
Tilefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Annað	23.9.2019	10.10.2019	12,00	0,00	3,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 6 skoðunatriða af 17. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 5 skoðunatriðum, þar af 0 Alvarleg frávik og 5 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

2.12.2019

Alvarleg frávik

Frávik

3.1.1 Bátar og flutningstæki

3.1.4 Neðansjávar eftirlit

3.1.5 Eldissvæði

5.1.1 Skipulag, þekking og þjálfun starfsfólks

5.1.3 Viðbragðsáætlanir sjókvældisstöðva

Aðrar athugasemdir

Vegna tilkynningar frá Fiskeldi Austfjarða (FA) um göt á kví á eldissvæði fyrirtækisins fóru starfsmenn Matvælastofnunar (undirritaður og Hjörtur Methúsalemsson) í eftirlit til að kanna aðgerðir fyrirtækisins vegna málsins.

Atvikalýsing

Gat uppgötvaðist á kví B6 þann 17. september sl. kl. 12:03 við reglulegt köfunareftirlit. Gert var við gatið í eftirlitsköfuninni og í kjölfarið var yfirmönnum fyrirtækisins tilkynnt um atvikið. Matvælastofnun barst tilkynning um atvikið þann 17. september kl. 14.29 og öðrum tilkynningarskyldum aðilum var einnig tilkynnt um atvikið. Í heildina voru 7 göt á nótopka kvíarinnar. Stærsta gatið var um 2x15 cm á 1m dýpi, fimm göt voru 2x6 cm og eitt gat 2x2 cm. Um 150.000 laxar voru í kvínni með meðalþyngd 530 g. Við köfunareftirlit þann 22. ágúst sl. var nótopoki heill.

Net voru lögð út á eldissvæðinu samdægurs um kl. 14-15 í samráði við Fiskistofu og vegna eðli málsins ákvað Fiskistofa að senda ekki eftirlitsmann á svæðið. Netanna var vitjað 18. september kl. 11.30 og veiddist enginn laxfiskur. Netin voru ekki lögð út aftur.

Þegar Matvælastofnun bærust fyrst fregnir af götunum þá var talið að þau væru um 60 cm stór og að gatið hefði komið upp á eldissvæði í Fáskrúðsfirði. Þegar gatið uppgötvaðist fyrst við köfunareftirlit var ekki tekin mynd af götunum þar sem kafarnir höfðu engar myndavélar meðferðis. Skv. samningi Fiskeldis Austfjarða og K-Tech eiga kafarar að hafa myndavél tiltæka við allar kafanir til að sýna frávik myndrænt strax á eftir köfun, til að flýta úrbótum og taka af allan vafa um umfang fráviks.

Orsök gatanna á nótopokanum eru óljós en ljóst er að gatið hefur myndast einhvern tímann á tímabilinu 22. ágúst - 17. september. FA ályktaði að rýrnun í styrk nótopokans gæti stafað af sólskini á meðan pokinn var geymdur utandyra um tíma og/eða vegna neðansjávarþvotts. FA metur það svo að hugsanlega hafi þvottavélin haft áhrif á styrk efnisins í netpokanum og/eða sólskinið gæti hafa orðið til þess að gatið myndast, og gæði og styrkur efnisins í pokanum sé lakara en ætla mætti skv. eftirlitsskýrslu. FA telur einnig

hugsanlegt að eitthvað hafi yfirsést þegar netpokinn var yfirfarinn hjá Fjarðarnet, t.d. að netið hafi verið farið að trosna á þeim tíma.

FA telur ólíklegt að fiskur hafa sloppið út um götin, en þó er ekki hægt að útiloka það.

Niðurstaða

FA fylgdi sinni eigin viðbragðsáætlun vegna slyssleppinga og brást við á viðeigandi hátt skv. reglugerð. Fyrirtækið uppfyllti tilkynningarskyldu sína með því að tilkynna atvikið til Matvælastofnunar, Fiskistofu, sveitarfélags og nærliggjandi veiðifélaga. Net og annar nauðsynlegur búnaður til veiða var staðsettur á prömmum á eldissvæði. Ábyrgðarmenn fyrirtækisins útveguðu öll umbeðin gögn og útbjuggu skýrslu um atvikið sem var mjög gagnleg við úrvinnslu málsins.

Mjög óheppilegt var að kafarar á vegum fyrirtækisins höfðu ekki myndavél meðferðis við köfun til að mynda götin á nótarpoka. Skv. ábyrgðarmönnum FA hefur málið verið ítrekað við köfunarþjónustu og mun ekki koma fyrir aftur.

Fjarðarnet, verkstæðið sem þjónustaði nótarpoka FA, var ekki með vottun sem staðfesti að verkstæðið uppfyllti þær kröfur sem gerðar eru í NS 9415:2009. Skv. 31. gr. reglugerðar nr. 1170/2015 skulu rekstrarleyfishafar einungis skipta við vottuð verkstæði við viðgerðir á nótarpokum sem staðfestir að verkstæðið uppfyllir kröfur NS 9415:2009. FA er ekki lengur í viðskiptum við Fjarðarnet og skiptir nú við Egersund.

Tryggja þarf að samskipti innan fyrirtækisins séu skýr svo að réttar upplýsingar séu til staðar þegar alvarleg atvik koma upp.

Orsök gata á nótarpoka eru óljós og óskar Matvælastofnun eftir því að stofnunin verði upplýst ef nýjar upplýsingar koma í ljós. Einnig óskar stofnunin eftir því að verða upplýst um þau atriði sem mögulega geta bent til þess að fiskur hafi strokið, t.d. ef fóðurþörf í kvínni minnkar.

Annað

17. september kom skaddaður dauðfiskur upp úr kví B6 og hefur vandamálið verið viðvarandi síðan þá (a.m.k. fram að 23. september þegar eftirlitið fór fram). Fyrirtækið telur að skarfur herji á laxinn í kvínni. Þann 27. september bárust Matvælastofnun upplýsingar um að fylgst hafi verið vel með skarfi og að laxadauðinn sé minni en áður. Ekki var talin þörf á að aflífa skarfinn.

Viðbragðsáætlun vegna slyssleppinga hefur verið lagfærð frá síðasta reglubundna eftirliti. Ekki var tekin afstaða til annarra frávíka sem fram komu í síðasta reglubundna eftirliti Matvælastofnunar þann 18. september sl. Úrbætur vegna athugasemda sem fram komu í síðasta reglubundna eftirliti verða að fara fram fyrir 2. desember nk. Ekki er heimilt að nota hraðbátinn Mamba við eldið fyrr en búíð er að útbúa hlíf fyrir skrófu.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnsýslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun."

Starfsstöð

Fiskeldi Austfjarða hf. Berufirði
Nesbala 122
170 Seltjarnarnes
Staða: Í gildi
Kennitala: 5204120930

Starfsemi

Frumframleiðsla - þáttur VI - AE - Áframeldi - 1

Tengiliðir

Ólöf Rún Stefánsdóttir	8681643	olof@icefishfarm.com	Gæðastjóri
Fiskeldi Austfjarða hf.	+4795909675	kjartan@icefishfarm.com	Kjartan - Production manager

3 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

3.1 - Sjókvíaeldi

3.1.1 Bátar og flutningstæki

Sett inn: 12.09.2019

Frávik

Hraðbátur (Mamba) sem notaður er við eldið er ekki með hlíf fyrir skrúfu. Allir bátar sem notaðir eru við eldið þurfa að vera með hlíf fyrir skrúfu.

3.1.4 Neðansjávareftirlit

Sett inn: 10.10.2019

Frávik

Nótarpokinn í kví B6 var þjónustaður af Fjarðanet sem hafði ekki vottun um að verkstæðið uppfyllti þær kröfur sem gerðar eru í NS 9415:2009.

FA er hætt viðskiptum við Fjarðanet og skiptir nú við Egersund. Vottun Egersund um að verkstæðið uppfylli kröfur NS 9415:2009 rann út 2018 en skv. FA er unnið að endurútgáfu vottunarinnar. Matvælastofnun óskar eftir afriti af vottuninni þegar hún berst.

3.1.5 Eldissvæði

Sett inn: 11.09.2019

Frávik

Ekkert gult ljós við jaðar sjókvíaeldisstöðvar í NV horni eldissvæðis.

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

5.1.1 Skipulag, þekking og þjálfun starfsfólks

Sett inn: 11.09.2019

Frávik

1. Þjálfun starfsmanna um slysasleppingar áður en þeir hefja störf er ekki skráð í þjálfunarskrá með staðfestingu starfsmanns á fenginni þjálfun. Allir starfsmenn þurfa að fá þjálfun um hvernig skal hindra slysasleppingar áður en þeir hefja störf

2. Þáttaka starfsmanna á árlegum fundi um innihald gæðahandbókar og breytingar er ekki skráð í þjálfunarskrá (eða önnur staðfesting á þáttöku). Einnig er gott að skrá fundargerð um hvað fór fram á fundinum.

5.1.3 Viðbragðsáætlanir sjókvíaeldisstöðva

Sett inn: 11.09.2019

Frávik

Engin viðbragðsáætlun vegna fárviðris.

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og lagfærð frá síðustu skoðun

3.3.1 Slysasleppingar

Rúnar Ingi Tryggvason
runar.tryggvason@mast.is
sérfraeðingur
5304800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi. Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.